


Félag kennara á eftirlaunum

# FKÉ-fréttir

2. töl. 35. árg. - maí 2015



**Sumarferðirnar** eru tvær. Sú fyrri er dagsferð um Suðurland og Fljótshlíð og sú seinni fjögurra daga ferð um Austurland með gistingu á Egilsstöðum.

**Skráningar** hefjast **miðvikudaginn 27. maí** í síma KÍ: 595-1111. Þær þurfa að berast í síðasta lagi miðvikudaginn 1. júlí og vera fyrirfram greiddar inn á **þennan reikning félagins:**

>> **0313-26-4211 Kennitalan er: 421190-1359** <<  
ekki síðar en tíu dögum fyrir brottfarardag. *Látið koma fram fyrir hvern er greitt.* **Taka** skal fram við skráningu hverjir vilja deila gistingu. **Ath:** *reglan er: Fyrstir panta og greiða – fyrstir fá.*

**Forföll** tilkynnist fljótt svo næstir á biðlista komist í staðinn.

## Dagsferð í Fljótshlíð 16. júlí

Brottför frá Umferðarmiðstöðinn kl. 10 árdegis.

Ekið verður sem leið liggur um Selfoss að Austur-Meðalholti í Flóa. Þar skoðum við *Íslenska bæinn*, safn sem opnað var 2014. Næsta viðdvöl er við Vola. Þar er minnisvarði Freysteins Gunnarssonar, skólastjóra. Stoppum síðan á Hvolsvelli á Sögusetrinu. Þar er t.d. hægt að skoða Kaupfélagssafnið og Njálurefillinn sem kvenfélagskonur héraðsins hafa setið við að sauma.

*Athugið: Á báðum þessum söfnum er hægt að kaupa sér kaffisopa en líka er gott að taka með sér nesti að heiman.*

Í Fljótshlíðinni er svo staldrað við á völdum stöðum. Kl. 18:00 fáum við kvöldverð á Hótel Fljótshlíð. Þar bíða okkar kræsingar beint frá býli.

Síðan er ekið rakleitt heim.

*Fararstjóri er Hjörtur Þórarinsson.*

**Þáttökugjald er kr. 9000. Innifalið er: Akstur, leiðsögn, aðgangseyrir í söfnin og kvöldverður.**

**FKE-fréttir** - þetta tölublað - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgfið netfang. Það flýtir dreifingu og minnkar kostnað félagsins ef allir sem hafa netfang - en fengu samt þetta eintak borið heim að dyrum - láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á [FKE@simnet.is](mailto:FKE@simnet.is).

**Allir sem eru á netpóstskrá félagsins** fá blaðið sent í netpósti. Þannig sparast félaginu sendingarkostnaður um leið og það hraðar afhendingu blaðsins til þeirra félagsmanna.

## **1. - 4. sept - Fjögurra daga ferð um Austurland**

### **1. september – þriðjudagur:**

**Flogið verður frá Reykjavík til Egilsstaða, hópnum er skipt í tvennt. Í fyrra flugið kl. 7:30 komast 40 manns en 20 manns í seinna flug kl. 10:30 Þeir sem skrá sig fyrst fara með fyrri vélinni en hinir með þeirri seinni nema um annað sé samið.**

Rúta sækir okkur og flytur á gististað, alltaf verður gist á Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum.

Þennan morgun finnur fólk sér sjálft hádegishressingu en annars er matur alltaf innifalinn í verði.

Kl. 13:00 ekið á Borgarfjörð eystri, kaffi í Álfakaffi. Gistihúsið Egilsstöðum sér um kvöldverð.

### **2. september – miðvikudagur:**

Kl. 9:00 Ekið til Seyðisfjarðar, bærinn skoðaður,

Tækniminjasafnið heimsótt og ekið út á Vestdalseyri.

Hádegisverður á Hótel Öldunni. Ekið upp í Egilsstaði, farið að Skriðuklaustri og Snæfellsstofu. Kvöldverður á Hótel Héraði.

### **3. september – fimmtudagur:**

Kl. 9:00 Ekið á Reyðarfjörð og yfir á Fáskrúðsfjörð. Á þessum stöðum er margt að skoða. Hádegisverður á Fáskrúðsfirði á veitingastaðnum L'Abri. Því næst haldið til Mjóafjarðar og fjörðurinn skoðaður. Fáum kaffi og kleinur í Sólbrekku. Kvöldverður á Hótel Valaskjálfi.

### **4. september – föstudagur:**

Kl. 8:00 er lagt af stað suður til Reykjavíkur. Akstur um Breiðdalsheiði. Stoppað verður á leiðinni eftir því sem við á. Hádegisverður á Smyrlabjörgum í Suðursveit.

*Fararstjóri er Guðrún Lára Ásgeirsdóttir.*

**Verð á mann í tveggja manna herbergi: ....kr. 81.000**

**Verð á mann í eins manns herbergi: .....kr. 95.000**

**Innifalið:** Flug, akstur, leiðsögn og gisting í þrjár nætur.

Hádegisverður, kaffi og kvöldverður, sjá leiðarlýsingu.

Aðgangseyrir í Tækniminjasafnið, Fransmannasafnið,

Stríðsminjasafnið og leiðsögn á Skriðuklaustri.

Þess má geta að FKE hefur greitt niður nokkurn hluta af

raunkostnaði enda er þessi ferð eins konar afmælisferð: Félagið

var stofnað fyrir 35 árum.

\* \* \*

## *Þekkir þú kennara sem eru að fara á eftirlaun?*

Bentu þeim á að skrá sig í FKE. Eitt símtal nægir.

Fjóla Ósk Gunnarsdóttir í Kennarahúsinu tekur við skráningum í síma 595-1111 – og í netfangið [fjola@ki.is](mailto:fjola@ki.is).

Aðild að félaginu er ókeypis auk þess sem skráningin viðheldur FKE-aðgangi að Orlofssjóðnum.

Markmið okkar er að allir kennarar, sem hættir eru störfum, njóti þess sem félagið hefur að bjóða.

\* \* \*

## Stjórn og varastjórn Félags kennara á eftirlaunum:

Þóra A. Guðmundsdóttir ..... 867 6871 ..... [albertag@simnet.is](mailto:albertag@simnet.is)

Þóra Kristinsdóttir ..... 894 5555 ..... [thoraunnur@simnet.is](mailto:thoraunnur@simnet.is)

Pétur Bjarnason ..... 892 0855 ..... [peturbjarna@internet.is](mailto:peturbjarna@internet.is)

Guðrún Lára Ásgeirsdóttir ..... 896 5457 ..... [glasg@simnet.is](mailto:glasg@simnet.is)

Kristján Sigfússon ..... 867 4831 ... [ksigfusson@yahoo.com](mailto:ksigfusson@yahoo.com)

Halldór Þórðarson ..... 893 6099 ..... [hallth44@gmail.com](mailto:hallth44@gmail.com)

Guðrún Ólafía Samúelsdóttir .. 864 9669 ..... [mosarima35@simnet.is](mailto:mosarima35@simnet.is)